



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/220

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/40*  
*komudagur. 29.10.2003*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

27. október 2003


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald, 89. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. þ.m., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga sent ofangreint þingmál til umsagnar. Í frumvarpinu felst, að heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi, sem nýta skal sem iðgjald á móti framlagi launamanns vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, verði felld niður. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

Fullyrða má, að heimildarákvæði þetta, sem upphaflega miðaði við 0,2% af viðbótarlífeyrissparnaði og síðar við 0,4%, hafi átt ótvíræðan þátt í því að auka almennan þjóðhagslegan sparnað og efla lífeyrissparnað einstaklinga, en það var einmitt tilgangur þessarar ívilnunar á sínum tíma. Á það má þó fallast, sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að samningar vinnuveitenda um framlag þeirra á móti viðbótarlífeyrissparnaði launamanna, hafi haft stórum meiri áhrif á jákvæða þróun þessara mála heldur en sú ívilnun, sem nú eru uppi áform um að fella niður. Engan veginn er þó unnt að staðhæfa, að ívilnun þessi hafi ekki lengur nokkra þýðingu, til að efla lífeyrissparnað landsmanna. Blikur eru á lofti í efnahags- og atvinnumálum um þessar mundir, og sýnist full ástæða til að efla hvata til sparnaðar í stað þess að veikja þá. Í ljósi þessa er álitafni, hvort þetta sé heppilegasta tímasetningin til að breyta lögum um tryggingagjald í þá veru, sem hér er gerð tillaga um.

Virðingarfyllst,

SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Arnarsson